

Samkomulag

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) fyrir hönd útgerðar Skinneyjar SF-20, skipaskrárnúmer 2732 annars vegar og Sjómannasamband Íslands (SSÍ) f.h. Afsl – starfsgreinafélags, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, f.h. Félags skipstjórnarmanna og VM – Félag vélstjóra og málmtæknimanna hins végars, gera með sér svohljóðandi samkomulag um frávik frá hafnar- og helgarfríum skipsins við humarveiðar á tímabilinu frá 30. apríl til 7. september 2017 og um fjölda skipverja á hverja stöðu um borð á framangreindu tímabili:

1. Aðilar eru sammála um að hafnar- og helgarfrí á Skinney SF-20 verði tekin í frítúrum þannig að á milli veiðiferða stoppi skipið aðeins þann tíma sem tekur að landa úr því og gera það klárt fyrir næstu veiðiferð svo fremi að önnur atvik hamli ekki brottför þess svo sem bilun, veður o.b.h. Innivera skal þó aldrei vera skemmri tími en 6 klst. Fastir löndunardagar skulu ákveðnir í samráði við áhöfn fyrir allt tímabilið áður en veiðar skipsins hefjast þann 30. apríl 2017. Heimilt er að landa oftar en á föstum löndunardögum, en ávallt skal jafnframt landað á föstu löndunardögunum vegna áhafnaskipta. Skipverjar skulu eiga frí við löndun.
2. Á skipinu verða 3 skipverjar um hverjar tvær stöður, þannig að hver skipverji skilar að jafnaði 20 sjódögum í mánuði og á frí í 10 daga. Samhliða verður tekið upp jafnaðarlaunakerfi, þannig að skipverjar fá 2/3 hlut (jafnaðarhlut m.v. stöðu hverju sinni) hvort sem þeir eru á sjó eða í fríi. Skipverjar skulu eiga rétt á orlofi skv. kjarasamningi og lögum um töku orlofs. Greiða skal starfsaldursálag, og fastar mánaðargreiðslur m.v. fullan mánuð enda hafi skipverji tekið hafnarfrí í frítúrum eins og gert er ráð fyrir í samkomulagi þessu. Löndunartími og innivera skv. lið 1 telst hluti af útvistartíma skipsins við mat á vinnuskyldu. Skipverjum er heimilt að skipta innbyrðis á fríum eftir því sem hentar hverjum og einum án þess að það raski jafnaðarhlut hvers og eins.
3. Komi til þess að ekki fiskist fyrir kauptryggingu innan mánaðar skal greiða hverjum skipverja kauptryggingu miðað við fullan mánuð enda hafi viðvera skipverjans verið í samræmi við samkomulag þetta.
4. Skiptimannakerfi þetta hefur engin áhrif á rétt skipverja til að eiga frí um sjómannadag sbr. ákvæði almennu kjarasamninganna um frí um sjómannadagshelgina.
5. Sé skip utan heimahafnar þegar skipverjar eru að fara í frí eða að koma úr fríi skal útgerðin greiða ferðakostnað og uppihald til og frá heimahöfn skipsins sbr. almenn ákvæði kjarasamninga um greiðslur útgerðar til skipverja þegar skip er utan heimahafnar þess.


Samkomulag þetta gildir frá 30. apríl til 7. september 2017 og fellur þá úr gildi án uppsagnar. Jafnframt fellur samningurinn strax úr gildi ef ákvæði 1. töluliðar um fasta löndunardaga er ekki virt.

Reykjavík 27. apríl 2017

F.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi,



F.h. Sjómannasambands Íslands,



F.h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands,



F.h. VM – Félags vélstjóra og málmtæknimanna,

A blue ink signature in cursive script, appearing to read "Guðrún Þórunn Ólafsson".